

Saliba gegn Möltu

Dómur frá 8. nóvember 2005

Mál nr. 4251/02

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Takmarkanir á eignarrétti. Niðurrif byggingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Benny Saliba, er ríkisborgari Möltu, fæddur 1941 og búsettur á Möltu. Snemma á áttunda áratugnum eignaðist kærandi landspildu í Gozo en þar hafði þá þegar verið reist vörugeymsla. Síðar var kærandi tvisvar ákærður í refsímáli fyrir að hafa staðið fyrir byggingarframkvæmdum á lóðinni án tilskilinna leyfa. Var hann sýknaður af fyrri ákærinni en sakfelldur vegna þeirrar síðari. Var honum gert að greiða sekt og rífa bygginguna niður. Kærandi áfrýjaði dómnum.

Í október 1992 ógilti áfrýjunardómstóll refsíðinn en fyrirskipaði þó niðurrif vörugeymslunnar, þar sem hún hefði verið byggð án tilskilinna leyfa. Byggði dómstóllinn á ákvæðum lögreglulaga. Kærandi höfðaði þá einkamál þar sem hann byggði á því að framangreindum lögum hefði verið breytt 6. júní 1988 og að fyrir þann dag hefði ekki verið unnt að beita því refsikennda úrræði að láta rífa niður byggingu væri sakborningur sýknaður. Þá byggði kærandi á því að þar sem hin meinta refsiverða háttsemi var framin fyrir 6. júní 1988 hefði refsingin ekki verið fyrirsjáanleg. Kröfu kæranda var hafnað og áfrýjaði hann þá til stjórnlagadómstóls sem einnig hafnaði kröfunni. Byggði dómstóllinn á því að refsiverð háttsemi hefði átt sér stað og að koma þyrfti aftur á lögmætu ástandi, án tillits til þess hver hefði framið hina refsiverðu háttsemi. Í tilviki kæranda hefði því sú eina leið verið fær að fyrirskipa niðurrif byggingarinnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að ákvörðun um niðurrif byggingar hans hefði brotið rétt hans skv. 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi innlenda dómstóla ekki hafa byggt ákvörðun sína um niðurrif byggingarinnar á umdeilanlegum forsendum. Þá taldi dómstóllinn að eftir að breytingar voru gerðar á lögreglulögum hefði kæranda mátt vera ljóst að yrði bygging vörugeymslunnar talin ólögmæt samkvæmt þeim yrði niðurrif hennar fyrirskipað, án tillits til niðurstöðu um sekt hans sjálfs.

Dómstóllinn taldi að markmið þess að niðurrif byggingarinnar var fyrirskipað væri það að koma á því lögmæta ástandi sem uppi hefði verið hefði lögum verið fylgt. Bryti dómur um niðurrif byggingarinnar ekki gegn meðalhófsreglu í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt væri að. Þótt kærandi hefði sjálfur verið sýknaður gat það að mati dómstólsins ekki breytt þessari niðurstöðu. Önnur niðurstaða væri til þess fallin að skylda innlend yfirvöld til að þola ólögmætar byggingar hefðu eignarráð yfir þeim flust yfir til grandlauss þriðja aðila.

Var það niðurstaða dómstólsins að sú takmörkun á eignarrétti sem um ræddi hefði verið lögmæt og ekki falið í sér brot gegn meðalhófsreglu. Því taldi dómstóllinn ekki hafa verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.